

v/ 447. mál (þingskjal 561)

Hafnarfjörður, 07.02.2013.

Okkur er sönn ánægja að verða við óskum um umsögn á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða (stærðarmörk krókaflamarksbáta, strandveiðar), 447. mál.

Okkar umsögn beinist að mestu leyti að umræðum um stærðarmál krókaflamarksbáta sem fram komu í 1. umræðu málsins á Alþingi þann 16 janúar s.l. Trefjar ehf taka ekki afstöðu til þess hvort stærðarbreyting á krókaflamarksbátum sé til bóta fyrir fiskveiðistjórnunina eða ekki.

Verði það niðurstaða nefndarinnar að mæla með rýmkun á stærðartakmörkunum báta sem veiða með krókaflamarki, teljum við að viðmið um hámarkslengd báta 15metra (L_m) sé að mörgu leyti skynsamleg.

Við teljum hins vegar að 15metra hámarkslengdarmörk séu ekki nægjanleg ein og sér. Stærðartakmörkun við 30brúttótonn (BT) og 15m (L_m) samhliða væri hugsanlega góður kostur.

Um smíði vinnubáta 15m og minni að mestu lengd á Íslandi gilda samnorrænar reglur sem tóku gildi 1990. Gerð þessara regla var samstarfsverkefni milli Siglingastofnanna á Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi auk flokkunarfélagsins Det Norske Veritas (DNV). Þessar reglur hafa verið endurskoðaðar nokkrum sinnum og eru að mestu leyti eins í löndunum. Löndin hafa þó heimild til að setja sérákvæði sem taka mið af aðstæðum á hverjum stað. T.d. sérákvæði um aukinn styrkleika á svæðum þar sem von er á hafís o.s.frv.

Hægt er að fullyrða að þessar reglur hafa reynst vel og er hagræði fyrir skipasmíðaiðnað í löndunum að hafa reglurnar eins líkar og hægt er. Ríkar öryggiskröfur eru í Norðurlandareglum sem er alls ekki tilvikið í reglum í mörgum öðrum löndum í Evrópu. Reglur eru víða mjög einfaldar og oft á tíðum óljósar. Eftirlit er einnig til fyrirmyndar á Íslandi miðað við mörg Evrópulönd þar sem við þekkjum til.

Með því að hafa stærðarmörk krókaflamarksbáta undir 15m rúmast þeir áfram innan þessarra reglna og er því áfram stuðlað að þróun þeirra.

Í 1. umræðu um málið komu fram áhyggjur þingmanna um að einskorða stærðina eingöngu við hámarkslengd 15m, hugsanlega myndu þá þróast bátar sem „yrðu allt að því jafn breiðir og þeir eru langir“.

Ólíklegt verður að teljast að nokkrir skipasmíðir myndu koma fram með slíka vöru, sé tekið tillit til þeirrar hönnunar á bátum sem þekktist í dag. En til að koma til móts við þessar áhyggjur sem eru að sumu leyti réttmætar væri hægt að miða við 30brúttótonna mark samhliða.

Eðli málsins samkvæmt er vinnuaðstaða í 15m bátum mun betri og eykur möguleika á betri meðhöndlun afla, öryggi verður betra með stærri bátum o.s.frv.

TREFJAR EHF

Óseyrarbraut 29 • 222 Hafnarfjörður • Iceland

Tel:+(354) 550 0100 • Fax:+(354) 550 0120 • E-mail: cleopatra@trefjar.is • www.trefjar.is

Við mælingar á bátum undir 15m á Íslandi er stuðst við alþjóðlegar skilgreiningar á lengdum, breiddum og dýptarmálum. Við útreikning á brúttótonnum er hins vegar notast við séríslenska formúlu:

$$BT = 0,031 * B_s * L_s^2$$

Þessi formúla var fengin með nákvæmri mælingu úrtaks nokkurra báta á Íslandi fyrir nokkrum árum. Fastinn 0,031 var meðaltalsfasti lýsandi fyrir allt úrtakið. Einfaldleiki þessarar formúlu hefur reynst ágætlega. Eingöngu breidd og lengd sem ákvarða útkomuna.

Í 1. umræðu var mönnum einnig tíðrætt um skutgeyma, síðustokka og „ýmislegt annað sem sett er utan á bátanna“.

Það er rétt að allflestir smábátar sem smíðaðir hafa verið á Íslandi síðustu ár eru búnir skutgeymum, stýriskössum og sérstöku athafnasvæði á gafli (í daglegu tali kallað “svalir”). Stærð og lögum þessarra hluta þarf að vera samkvæmt ákveðnum reglum, ætli menn að fá þá **undanþegna** frá skráningarlengd bátanna (L_s). Þessir hlutir eru hins vegar ávallt mældir með í mestu lengd bátanna (L_m). Um þessi mál er fjallað í verklagsreglu nr. 25.03.02.02.03 frá Siglingastofnum Íslands.

Verklagsreglan veitir mælingarundanþágur fyrir báta allt að 15metrum mestu lengd. Verði breyting gerð á lögum um stærðarmörk krókaafلامarksbáta og þau færð í 15m verður þessi “undanþáguhvati” ekki lengur til staðar, þar sem verklagsreglan tekur ekki til báta stærri en 15m að mestu lengd.

Þannig væri hægt að fella þessa verklagsreglu úr gildi samhliða eða breyta henni.

Allir skráðir bátar sem eru í krókaafلامarkskerfinu í dag rúmast innan þess ramma sem nefndur er hér. Hámarkslengd 15m og 30brúttótonn.

Að lokum finnst okkur vert að nefna að mjög algengt er að fólk rugli saman mælingum og mælieiningum í umræðum um báta og skip. Þetta á jafnt við um fólk innan greinarinnar og eins og þeirra sem fyrir utan hana standa.

Fyrir báta undir 15m á Íslandi gildir eftirfarandi:

1. Brúttótonn (BT). Eins og áður er nefnt eru Brúttótonn (BT) fyrir báta reiknuð út samkvæmt áðurgreindri séríslenskri formúlu.
2. Brúttórúmllestir (BRL) í bátum undir 15metrum eru mældar samkvæmt alþjóðasamþykkt frá 1947 (Oslóarsamþykkt). Ýmis atvinnuréttindamál taka mið af þessarri mælingu.

F.h. Trefja ehf,

Með kveðju,

Högni Bergþórsson.

TREFJAR EHF

Óseyrarbraut 29 • 222 Hafnarfjörður • Iceland

Tel:+(354) 550 0100 • Fax:+(354) 550 0120 • E-mail: cleopatra@trefjar.is • www.trefjar.is